

51
5. júlí

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 500 kr., er renna í ríkissjóð. Skulu lögreglustjórar og hreppstjórar hafa eftirlit með því, að þeim sé hlýtt. Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 31 20. okt. 1913, um bæjanöfn.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 5. júlí 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

52
5. júlí

L Ö G

um viðauka við lög nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð
einkamála í héraði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 27. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 bætist ný málsg., svo hljóðandi: Sækjandi greiðir til bráðabirgða ferðakostnað og dagpeninga og gjald fyrir sátta-tilraun og úrskurð samkvæmt b-lið 1. málsg. 21. gr., og verjandi fyrir úrskurð samkv. a-lið sömu málsg., en í sátt og úrskurði skal að lokum kveða á um það, hvern þátt verjandi og sækjandi eftir a-lið 1. málsg. 21. gr. skuli taka í greiðslum þessum.

2. gr.

Aftan við 82. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi: Vixilmál og tékka má sækja í þinghá þar, sem greiðslustaður vixilsins eða tékkans er. Nú er vixill eða tékki, sem út hefir verið gefinn erlendis, innheimtur hér á landi í vixilmáli eða tékka, og má þá mál höfða á varnarþingi þess, er innheimtir, ef banki er eða sparisjóður eða sá hefir skuldheimtu að atvinnu sinni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 5. júlí 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.